

61. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldin í fjarfundi og staðfundi í fundarsal Vestfjarðastofu á Ísafirði, þann 12. júní 2024 kl 12.00

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarisdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Gauti Geirsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir.

Forföll boðuðu Sædís Ólöf Þórsdóttir og í hennar stað sat fundinn Sif Huld Albertsdóttir, Jóhann Birkir Helgason og í hans stað sat fundinn Dagný Finnbjörnsdóttir. Halldór Halldórsson sat einnig fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Einnig sátu fundinn þau Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri atvinnu- og byggðaðróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðs- og menningar og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði fundargerð

Formaður setti fundinn og kannaði síðan hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið til boðaðar dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Nýjir stjórnarmenn Vestfjarðastofu
2. Fundargerð ársfundar – lögð fram til kynningar
3. Íbúakönnun – niðurstöður til kynningar
4. Áhersluverkefni tengd umhverfis- og loftslagsmálum 2024
5. Skýrsla framkvæmdastjóra
6. Fundargerðir til kynningar
 - a. Fundargerð 109. fundar stjórnar SSNV 4. júní 2024
 - b. Fundargerð 63. fundar SSNE 30. apríl 2024
 - c. Fundargerð 19. fundar stjórnar SSA 17. maí 2024
 - d. 150. fundur stjórnar Austurbrúar 17. maí 2024
 - e. 609. stjórnarfundur SASS. 10. maí 2024
 - f. 802. fundargerð stjórnar SSS 6. júní 2024
 - g. 93. fundur stjórnar Hekklunnar
 - h. 579. Fundur stjórnar SSH 03. júní 2024
 - i. 947. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur stjórnar FV

1. 69. Fjórðungsþing að vori – þinggerð lögð fram til kynningar
2. Umhverfissvottun sveitarfélaga
3. Farsæld barna – minnisblað
4. Stafrænt ráð sveitarfélaga
5. Starfsendurhæfing Vestfjarða
6. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
 - b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
 - c. Afrakstur umsagna.
 - i. Fjármálaáætlun 2025-2029 <https://www.althingi.is/altext/154/s/1831.html>
 - d. Umsagnarbeiðnir
 - i. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálsar skólamáltíðir), 1114. mál . Umsögn berist eigi síðar en 31. maí nk.

- ii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, 1036. mál
Frestur til að senda inn umsögn er til og með 5. júní nk.
- e. Umsagnir til skoðunar
 - i. Drög að flokkun fimm virkjanakosta (Samráðsgátt). [60a38f30-e524-ef11-9bc3-005056bcce7e](https://www.island.is/60a38f30-e524-ef11-9bc3-005056bcce7e) ([island.is](https://www.island.is))

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Nýir stjórnarmenn Vestfjarðastofu

Formaður bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa innan stjórnar Vestfjarðastofu og kynnti nýtt skipurit Vestfjarðastofu í framhaldi af breytingu á samþykktum á ársfundi þann 29. maí s.l.

Sóknarhópur átti fund fyrr í dag og samþykkti að formaður hópsins verði Gauti Geirsson. Formaður gerði tillögu um að varaformaður stjórnar Vestfjarðastofu verði Gauti Geirsson, ekki komu fram aðrar tillögur. Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa, hún fór yfir starfsreglur og hvernig staðið er undirbúninga funda og framsetningu efnis til stjórnarmanna.

Til máls tók Halldór og Jóhanna.

2. Fundargerð ársfundar – lögð fram til kynningar

Fundargerð ársfundar Vestfjarðastofu sem haldinn var á Ísafirði þann 29. maí 2024, lögð fram til kynningar.

Enginn tók til máls.

3. Íbúakönnun – niðurstöður til kynningar

Lögð fram til kynningar fjórða íbúakönnun landshluta sem Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur tekið þátt í frá 2017. Framkvæmdastjóri kynnti efni könnunarinnar og helstu niðurstöður fyrir Vestfirði og einstök svæði innan Vestfjarða með samanburði við fyrri kannanir.

Fram kom að verkefnið hefur fengið aukið vægi innan stjórnsýslunnar. Byggðastofnun hefur samþykkt aðild að verkefninu og verður könnunin hluti af mælaborði Byggðastofnunar auk þess sem innviðaráðuneyti mun nýta efni hennar í stefnumörkun ráðuneytisins.

Framkvæmdastjóri upplýsti að aflokum sumarleyfum sé stefnt er að sérstakri kynningu á könnuninni á meðal sveitarfélaga á Vestfirðum. Almenn kynning verður nú í vikunni á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi en samtökin áttu á sínum tíma frumkvæði að verkefninu og hafa séð um framkvæmd þess frá upphafi.

Til máls tóku. Jóhanna, Lilja og Elísabet

Formaður lagði til bókun.

Stjórn Vestfjarðastofu þakkar Vífli Karlssyni, fagstjóra hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir góða vinnu og hvetur sveitarstjórnir á Vestfirðum að kynna sér efni könnunarinnar og nýta hana í verkefnum sveitarfélaganna.

Samþykkt samhljóða.

4. Áhersluverkefni tengd umhverfis- og loftslagsmálum 2024

Formaður gaf framkvæmdastjóra orðið.

Kynnt að á grundvelli viðaukasamnings Sóknaráætlunar Vestfjarða við umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti hefur Vestfjarðastofu verið tryggt 12 mkr framlag til vinnslu verkefna á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Fram kom að

tvinna þarf saman marga þætti s.s. Græna teymi sveitarfélaga, RESET, svæðisáætlun í sorpmálum, umhverfisvottun (Earth Check) og ákvæði laga um loftlagsstefnu sveitarfélaga.

Framkvæmdastjóri óskaði eftir þátttöku stjórnar um mótun á framkvæmd verkefnisins og leggja fyrir stjórnarfund í lok ágúst n.k.. Fram kom tillaga um Nanný Örnú og Gauta sem fulltrúa stjórnar, tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu frá síðasta stjórnarfundum, í kynningu tóku einnig þátt teymis- og sviðstjórar.

Til máls tóku Gauti, Jóhanna og Lilja

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um lokun starfstöðva Vestfjarðastofu vegna sumarleyfa í allt að þrjár vikur eða frá 15. júlí til 6. ágúst. Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

6. Fundargerðir til kynningar eftirfarandi landshlutasamtaka lagðar fram til kynningar.

- a. [Fundargerð 109. fundar stjórnar SSNV 4. júní 2024](#)
- b. [Fundargerð 63. fundar SSNE 30. apríl 2024](#)
- c. [Fundargerð 19. fundar stjórnar SSA 17. maí 2024](#)
- d. [150. fundur stjórnar Austurbrúar 17. maí 2024](#)
- e. [609. stjórnarfundur SASS. 10. maí 2024](#)
- f. [802. fundargerð stjórnar SSS 6. júní 2024](#)
- g. [93. fundur stjórnar Heklunnar](#)
- h. [579. Fundur stjórnar SSH 03. júní 2024](#)
- i. [947. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga](#)

Af fundi véku Guðrún Anna, Sölvi, Gauti, Lilja S, Sif Huld, Halldór og Elísabet

Fundur stjórnar FV

7. 69. Fjórðungsping að vori

Þinggerð 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori lögð fram til kynningar, en þingið var haldið á Ísafirði þann 10. apríl s.l..

8. Umhverfisvottun sveitarfélaga

Lagt fram minnisblað frá Hjörleifi Finnssyni, verkefnastjóra umhverfis og loftlagsmála um umhverfisstjórnunarlausnir fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum og samþykkt framkvæmdaráðs Earth Check á Vestfjörðum, um að hefja samtal við sveitarfélögin um nýtt umhverfisstjórnunarkerfi í stað Earth Check.

Til máls tóku, Jóhanna og Lilja

Formaður lagði fram tillögu.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkir að taka undir tillögu framkvæmdaráðs Earth Check og felur starfsmönnum og framkvæmdaráði að hefja undirbúning að nýju umhverfisstjórnunarkerfi í samráði við sveitarfélögin á Vestfjörðum. Efni minnisblaðs um framtíðaraðild að Earth Check verði lagt fyrir sveitarstjórnir og þær taki afstöðu til málsins.

Tillagan borinn upp og samþykkt samhljóða.

9. Farsæld barna – minnisblað

Framkvæmdastjóri kynnti efni máls og samtöl við sveitarfélögin og lagði fram vinnuskjal um upphaflega tillögu barna- og menntamálaráðuneytis um sameiginlegar starfsstöðvar fyrir farsæld barna og hvernig samþætta má málið við menntastefnu Vestfjarða og verkefni sveitarfélaga og stofnana sveitarfélaga.

10. Stafrænt ráð sveitarfélaga

Kynnt að Þórdís Sif Sigurðardóttir fulltrúi Fjórðungssambandi Vestfirðinga í Stafrænu ráði sveitarfélaga, hafi látið af störfum sem bæjarstjóri Vesturbyggðar og mun flytja frá Vestfjörðum. Formaður lagði fram tillögu að Gylfi Ólafsson, Ísafjarðarbæ verði skipaður í Stafrænt ráð sveitarfélaga í hennar stað.

Tillagan samþykkt samhljóða.

11. Starfsendurhæfing Vestfjarða

Formaður kynnti að Arnheiður Jónsdóttir sem kjörin var 2022 af Fjórðungspingi Vestfirðinga í stjórn Starfsendurhæfingu Vestfjarða, hafi í maí s.l., óskað lausnar frá þessari skipan. Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambandsins verður kosið að nýju í stjórn og nefndir á vegum Fjórðungssambandsins nú í haust. Í þessu millibilsástandi gerir formaður tillögu um að Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð, verði fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga í stjórn Starfsendurhæfingar Vestfjarða fram að 69. Fjórðungspingi að hausti. Tillagan samþykkt.

12. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
- c. Afrakstur umsagna.
 - ii. Fjármálaáætlun 2025-2029 <https://www.althingi.is/altext/154/s/1831.html>
- d. Umsagnarbeiðnir

- iii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálsar skólamáltíðir), 1114. mál . Umsögn berist eigi síðar en 31. maí nk.
- iv. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, 1036. mál
Frestur til að senda inn umsögn er til og með 5. júní nk.
- e. Umsagnir til skoðunar
 - ii. Drög að flokkun fimm virkjanakosta (Samráðsgátt). [60a38f30-e524-ef11-9bc3-005056bcce7e \(island.is\)](https://www.island.is/60a38f30-e524-ef11-9bc3-005056bcce7e)

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13.45